

Greinargerð vegna athugasemda á auglýsingatíma vegna starfsleyfistillögu fyrir Hólaskóla á Hólum í Hjaltadal

-Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir Hólaskóla til reksturs á fiskeldi á Hólum í Hjaltadal á tímabilinu 19. maí til 14. júlí 2016. Tillagan lá frammi á skrifstofu Sveitafélagsins Skagafjörður og hana var líka að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Umsagnir sem bárust og viðbrögð Umhverfisstofnunar

Stofnuninni bárust tvær umsagnir um starfsleyfistillöguna á auglýsingatíma, annars vegar frá Skipulagsstofnun og hins vegar frá Veiðimálastofnun.

Í umsögn Skipulagsstofnunar kemur fram að stofnunin hafi farið yfir tillöguna og geri engar athugasemdir.

Í umsögn Veiðimálastofnunar kemur fram að stofnunin geri ekki athugasemd við tillöguna en leggur áherslu á að búnaður sem tryggja á að fiskar sleppi ekki úr fiskeldisstöðinni sé virkur og að eftirlit sé með þeim búnaði. Fiskeldisstöðin er á vatnasviði Hjaltadalsár sem hefur að geyma villtan bleikjustofn, einn eða fleiri. Ef eldisbleikja sleppur úr fiskeldisstöðinni er hætt á erfðablöndun sem skaðað getur villta bleikjustofna. Einnig áréttar Veiðimálastofnun að skv. lögum um fiskirækt (2006/58, 9. og 10. gr.) sé óheimilt að flytja fisk úr eldisstöð í náttúrulegt veiðivatn nema með undanþágu frá Fiskistofnu.

Umhverfisstofnun tekur undir ábendingar Veiðimálastofnunar um að tryggja verði að mengunarvarnabúnaður verði að vera virkur og tryggja verði að lifandi fiskur sleppi ekki úr stöðinni. Var gr. 3.3 í starfsleyfinu uppfærð og gerð þar skýr krafa um að mengunarvarnabúnaður á frárennsli þurfi að tryggja að lifandi fiskur geti ekki borist úr stöðinni.

Hvað varðar flutning á lifandi fisk úr stöðinni gerir Umhverfisstofnun ráð fyrir að rekstraraðili þekki þau lög og reglugerði er um starfsemina gilda hvað varðar heimildir til flutnings á fiski og fylgi þeim í hvívetna.